

## Áhrif friðunar refs á ábúðarhlutfall grenja

Róbert A. Stefánsson, Náttúrustofu Vesturlands  
Menja von Schmalensee, Náttúrustofu Vesturlands

Refurinn (*Vulpes lagopus*) er eina upprunalega landspendýrið á Íslandi en í gegnum tíðina hefur maðurinn veitt refi í stórum stíl [1]. Árið 2001 var Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull (170 km<sup>2</sup>) stofnaður og refaveiðar bannaðar innan þjóðgarðsmarka. Í kjölfarið hóf Náttúrustofan árlega vöktun á ábúðarhlutfalli refagrenja í þjóðgarðinum til að kanna hvort breytingar yrðu á hlutfalli grenja í ábúð. Áður en vöktunin hófst fór refaskyttan Leifur Ágústsson með starfsmenn Náttúrustofunnar á þekkt greni og veitti upplýsingar um hversu mörg þeirra hefðu verið unnin á hverju ári frá árinu 1989. Að auki veittu staðkunnugir upplýsingar um nokkur greni til viðbótar. Hlutfall þekkra grenja í ábúð var 5-26% fyrir friðun (1989-2001) en 11-19% eftir friðun (2002-2011). Niðurstöðurnar benda til þess að friðun hafi ekki orsakað marktækar breytingar á hlutfalli grenja í ábúð í þjóðgarðinum (Mann-Whitney próf,  $p=0,438$ ) og að fyrir friðun hafi óðul jafnan verið setin fljótt aftur eftir að greni voru unnin. Á tímabilinu sem þessi rannsókn nær yfir hefur íslenski refastofninn stækkað mikið. Óbreytt ábúðarhlutfall grenja þrátt fyrir fjölgun í refastofninum bendir því til þess að svæðið á enda Snæfellsness hafi þegar verið mettað af grendýrum fyrir tveim áratugum. Kemur þetta heim og saman við mun meiri fjölgun hlaupadýra en grendýra á landsvísu síðustu ár [1]. Þrátt fyrir óbreytt ábúðarhlutfall má leiða líkum að því að fleiri yrðlingar komist á legg eftir friðun.

Tilvitnun

1. Páll Hersteinsson 2004. Tófa. Bls. 74-85 í: Páll Hersteinsson (ritstj.) og Jón Baldur Hlíðberg (myndskreytir). Íslensk spendýr. Vaka-Helgafell.